

Vika 9 - vorönn

Lota 5 - VINÁTTA

Orðræða: Við erum vinir, vinaskóli, vinur, vinkona, kæri vinur/vinkona

Lotulykill 4: Kærleikur

Orðaforðalisti: Heilsa

Lubbi: Þþ

Lotumynd: Vinamynd

Strik fyrir strik: Byggingar - yngri bls. 56, eldri bls. 140-143

Litla Sól: **Unnið með frásögn** bls. 71-76

Sól: **Unnið með málskilning** bls. 103-114

Söngvar: Dúkkan hennar Dóru



(Stóra brúin fer upp og niður)

Uppi í lofti þotan þýtur,

þotan þýtur,

þotan þýtur.

Uppi í lofti þotan þýtur

þ, þ, þ, þ, þýtur.

Þórður upp í loftið lítur,

loftið lítur,

loftið lítur.

Sér þar hvernig þotan þýtur

þ, þ, þ, þ, þýtur.

Kennslutilhögun og dagskipulag

Setja orð á athafnir: Núna varstu vinalegur, þarna notaðiru vina hendurnar þínar

Samvera: Syngja lagið „ég er lítið lasið skrímsli.“

Við matarborðið: Ræða hollustu matar, af hverju þurfum við að borða fjölbreyttan og hollan mat? Af Hverju þurfum við að bursta tennur

Í fataherbergi: Af Hverju þurfum við að klæða okkur vel? er slæmt að verða of kalt eða of heitt?

Í hópatímum: Ræða kærleik og gera æfingar, senda veikum vinum jósið, vinna saman að verkefni, búa til gjafir fyrir vini, t.d. baka eða vinabönd

Orðaforðalisti MMS: Heilsa

Yngsti hópur: veik, lasinn, illt, sár, plástur,

Mið hópur: hress, óhress, tannbursti, tannkrem

Elsti hópur: hraust, slappur, frísk, sjúklingur, beinbrot, gifs, haltur, heyrnarlaus, fatlaður, blind, kröftugt, hækja, spelka

Þjálfun hljóðkerfisvitundar

Yngsti hópur: Klappa atkvæði orða og ríma

Mið hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

Elsti hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging